

# Yfirlit yfir þau þjónustugjöld sem innheimt eru af loftförum eru eftirfarandi. Nánari upplýsingar um gjaldskrá Isavia Innanlandsflugvalla má sjá hér: <https://ans.isavia.is/um-okkur/gjaldskra>

## 2.1 LENDINGARGJALD

Fyrir hverja skráða landingu loftfars skal greiða landingargjald. Gjaldið er reiknað fyrir hver byrjuð 1.000 kg af hámarksflugtaks massa loftfars (MTOW) fyrir hverja landingu.

Lendingargjaldið er eftirfarandi:

Flugvöllur	ISK fyrir hvert byrjað MTOW
Reykjavíkurlugvöllur	1.590
Aðrir flugvellir	770

Undanþágur:

- Loftför í leitar- og björgunarflugi.
- Loftför sem lenda eftir að hafa farið prófflug eftir viðgerð enda hafi ekki verið lent á öðrum flugvelli.
- Loftför sem flytja þjóðarhöfðingja.
- Loftför í eigu íslenska ríkisins eða rekin af því.
- Loftför með hámarksflugtaks massa undir 2.000 kg.

## 2.2 FARÞEGAGJÖLD

Farþegagjöld greiðast fyrir hvern brottfararfarþega með loftfari í áætlunar- og leiguflugi.

Farþegagjöld fyrir hvern brottfararfarþega eru eftirfarandi:

Aldur farþega	Reykjavíkurlugvöllur (ISK)	Aðrir flugvellir (ISK)
12 ára og eldri	1.915	885
2-11 ára	1.070	435

Undanþágur:

- Börn yngri en 2 ára.
- Skráð áhöfn loftfars.
- Transit farþegar.

## 2.3 STÆÐISGJALD

Sé flugvél skemur en 6 klst. í stæði reiknast ekki stæðisgjald. Eftir 6 klst. í reiknast stæðisgjald frá komutíma til brottfarartíma.

Stæðisgjald er reiknað eftir 6 klst. og er rúkað frá landingu og að brottför. Stæðisgjald er rúkað fyrir hver byrjuð 1.000 kg af hámarks flugtaks massa fyrir hvern byrjaðan sólahring eins og neðangreind tafla sýnir.

Tími (klst frá komu að brottför)	ISK fyrir hvert byrjað MTOW tonn
0 – 6 klst.	0
6 – 24 klst. (1. sólahringurinn)	1.845
Næstu 24 klst. (2. sólahringurinn)	1.845
Hver sólahringur eftir 48 klst.	1.130

Undanþágur:

- Loftför í leitar- og björgunarflugi.
- Loftför sem lenda eftir að hafa farið prófflug eftir viðgerð enda hafi ekki verið lent á öðrum flugvelli.
- Loftför sem flytja þjóðarhöfðingja.
- Loftför í eigu íslenska ríkisins eða rekin af því.

## 2.4 FLUGVERNDARGJALD

Brottfararfarþegar í millilandaflugi frá Reykjavík, Akureyri og Egilsstöðum, er sæta vopnaleit greiða flugverndargjald skv. eftirfarandi töflu.

Aldur farþega	Gjald per farþega (ISK)
12 ára og eldri	2.295
2-11 ára	1.185

Flugverndargjald greiðist vegna skimunar á fragt í millilandaflugi skv. eftirfarandi töflu.

Fragt	Gjald per kg (ISK)
Fragt í millilandaflugi	35

### Undanþágur fyrir farþega:

- Börn undir 2 ára.
- Transfer og transit farþegar.
- Skráð áhöfn loftfars.

## 2.5 GJALD FYRIR ÞJÓNUSTU UTAN OPNUNARTÍMA

Gjald fyrir þjónustu utan þjónustutíma, einnig sjúkraflug.

Opnunartíma flugvalla er að finna á eftirfarandi síðu: <http://eaip.samgongustofa.is/>

Flugvellir	Tímabil	Gjald (ISK)
Reykjavík og Akureyri	16 apríl – 14 október	98.455
Reykjavík og Akureyri	15 október – 15 apríl	141.840
Aðrir innanlandsflugvellir	16 apríl – 14 október	55.065
Aðrir innanlandsflugvellir	15 október – 15 apríl	76.770

### Undanþágur:

Hægt er að fá undanþágu t.d. fyrir áætlunarflug sem færast milli daga vegna veðurs. Sækja þarf skriflega um undanþágu frá þessu gjaldi til viðeigandi umdæmisstjóra áður en flugið á sér stað.

Sjá gjaldskrána í heild sinni hér: <https://www.isavia.is/media/1/gjaldskra-innanlandsflugvalla-2024.pdf>.

Jafnframt kann flugleiðsögugjald að vera innheimt af loftförunum (leiðarflugsgjald og notendagjöld):

## 2. REIKNIREGLA

Leiðarflugsgjaldið er innheimt fyrir hvert flug í íslensku innanlandssvæði.

Gjaldið er reiknað samkvæmt eftirfarandi reiknireglu:

$$\text{Einingaverð} \times \text{Vegalengd} \times \text{Þyngdarstuðull}$$

Einingaverð frá 1. janúar 2024: 2.067 ISK

Vegalengd: Vegalengd í innanlandssvæði, þó ekki í aðflugi. Deilt er með 100 í þann fjölda kílómetra sem flogið er í stórbaugsboganum milli inn- og útflugspunkta gjaldtökusvæðisins, samkvæmt nýjustu, þekktu flugáætluninni eins og hún var skráð hjá viðkomandi loftfari að því er varðar flæði flugumferðar. Vegalengdin sem hafa skal til hliðsjónar er minnkuð um 20 kílómetra fyrir hvert flugtak frá flugvelli á Íslandi og fyrir hverja landingu á flugvelli á Íslandi.

Þyngdarstuðull: Þyngdarstuðullinn er fundinn með því að deila hámarksflugtaksþyngd í tonnum (MTOW) með fimmtíu og taka svo kvaðratrót af þeirri tölu. Ef loftfar hefur breytilega hámarksflugtaksþyngd eða fleiri en eina skráða hámarksflugtaksþyngd er notast við hæstu skráða hámarksflugtaksþyngd.

$$\sqrt{\left(\frac{MTOWtn}{50}\right)}$$

## 2. REIKNIREGLA

Gjaldtaka fyrir ofangreinda þjónustu er í tveimur hlutum:

- Gjald pr. flug í gegnum svæðið. Fullt gjald árið 2024 er 5.282 ISK og er það innheimt fyrir flug milli Evrópu og Kanada eða Bandaríkjanna. Tveir þriðju hlutar gjaldsins skulu greiddir fyrir flug milli Evrópu og Grænlands eða Íslands og Kanada eða Bandaríkjanna. Einn þriðji hlutar gjaldsins skal greiddur fyrir flug milli Grænlands og Kanada eða Bandaríkjanna, Grænlands og Íslands og Íslands og annarra evrópskra ríkja. Flug til eða frá Evrópu eða Íslandi sem fer ekki yfir strönd Norður Ameríku en fer þó yfir lengdarbauginn 30°V fyrir norðan 45°N greiðir einn þriðja gjaldsins.
- Gjald fyrir vegalengd sem flogin er í flugupplýsingasvæðunum Reykjavík og Nuuk, þó innan marka flugstjórnarsvæðis Reykjavíkur. Gjaldið er margfeldi af vegalengd (d) og einingaverði (t).

$$\text{Gjald fyrir vegalengd} = d \times t$$

Vegalengdin (d) er fundin með því að deila með 100 í þann fjölda kílómetra sem flogið er í stórbaugsboganum milli brottfararflugvallar eða innflugspunktar flugupplýsingasvæðanna og fyrsta landingarstaðar innan, eða útflugspunktar, á flugupplýsingasvæðunum. Inn- og útflugspunktar eru þar sem lóðrétt mörk flugupplýsingasvæðanna skera leið loftfarsins. Vegalengdin er minnkuð um 100 kílómetra fyrir hvert flugtak frá og fyrir hverja landingu innan flugupplýsingasvæðis Nuuk og í Færeyjum og 220 kílómetra fyrir hvert flugtak frá og fyrir hverja landingu á flugvöllum á Íslandi.

Einingaverð fyrir 2024 er 2.185 ISK.

Flug sem eingöngu eru undir FL285 innan flugupplýsingasvæðanna og öll flug til eða frá flugvöllum á Grænlandi greiða hálf tveimur einingaverð.